

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Akstursíþrótta- og skotsvæði á Glerárdal.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 1. júlí 2008 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag fyrir akstursíþrótta- og skotsvæði á Glerárdal.

Deiliskipulagið afmarkast í megindráttum af: verndarsvæði Glerár í suðri, Hlíðarfjallsvegi í norðri, háspennulínunum í austri og lækjum í rótum Hlíðarfjalls í vestri. Markmið deiliskipulagsins er að byggja upp akstursíþrótta- og skotsvæði fyrir Bílaklúbb Akureyrar, KKA-akstursíþróttafélag og Skotfélag Akureyrar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 13. ágúst 2008.*

**Pétur Bolli Jóhannesson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 27. ágúst 2008